



Haust 2022

Ágætu félagar.

Það er yndislegt upphaf haustsins að sjá nemendur koma glaða og káta í skólann, með töskurnar á bakinu, tilbúna að taka þátt í verkefnum vetrarins. Skólaárið 2022 – 2023 er hafið og starfsfólk skólanna uppfyllt af nýjum hugmyndum og væntingum um uppbyggilegt og skemmtilegt skólastarf. Ný stjórn Félags uppbyggingar sjálfsaga er búin að halda sinn fyrsta stjórnarfund þar sem farið var yfir sumarnámskeiðin og kynningar/fræðslufundi í skólum. Einnig ræddum við starfið framundan og helstu áherslur í vetur. Markmið okkar er að gera okkar besta í að aðstoða ykkur við að efla uppbyggingastarfið þannig að þið, nemendur ykkar og allt starfsfólk skólanna blómstrið í störfum ykkar.

Í vor, sumar og haust fóru fram námskeið á ýmsum stöðum á landinu. Einnig voru kynningarfundir á stefnunni og upprifjunarfundir fyrir starfsmenn sem þurftu að fá stuðning til að halda áfram uppbyggingunni. Okkur telst til að rúmlega 1500 starfsmenn leik- og grunnskóla hafi sótt námskeið og/eða fræðslufundi það sem af er þessu ári. Auk þess hafa leiðtogar innan skólanna stýrt upprifjun og styttri fræðslu með samstarfsfólki. Þess má geta að í ár voru fjölmennustu námskeiðin haldin á Ísafirði, Egilsstöðum, Suðurnesjum, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Kynningarfundirnir og upprifjunarfundirnir hafa verið haldnir um allt land.

Innleiðing Uppbyggingar sjálfsaga er hafin og er að hefjast í nokkrum skólum, bæði á leik- og grunnskólastigi og fögnum við þeim innilega og bjóðum velkomin í hópinn okkar. Yfirlit yfir skóla sem eru að nota þessa stefnu má sjá á heimasíðu samtakanna (forsíða – styrktarskólar).

Í vetur er ætlunin að leggja áherslu á að styrkja oddvitana/leiðtogana í skólunum. Ætlunin er að fá upplýsingar frá skólastjórum um hverjir gegna þessu hlutverki og síðan ætlar stjórn félagsins að vera í sambandi við þessa aðila. Hugmyndin er að koma á sambandi milli oddvita til að efla jafningjafræðslu og sitthvað fleira. Skólastjórar uppbyggingaskóla eiga því von á bréfi frá okkur á næstunni með nánari upplýsingum um þetta verkefni.

Við hvetjum ykkur líka til að senda okkur á Facebook síðuna eða Instagram síðuna frásagnir og myndir úr uppbyggingastarfinu. Það er alltaf hvetjandi og gefur öðrum ótrúlega skemmtilegar hugmyndir.

Félagið hefur látið búa til bæði inni- og útifána með merki félagsins. Þeir eru seldir á kostnaðarverði og við hvetjum ykkur til að fjárfesta í slíkum fánum. Það er upplagt að stinga því að foreldrafélaginu að gefa skólanum slíkan fána. 😊 Ef ykkur vantar bækur, taupoka, lyklabönd eða annað sem félagið hefur séð um sölu á þá er best að vera í sambandi við gjaldkera félagsins Sveinbjörn Markús Njálsson (sveinbjorn.njalsson@gmail.com).

Með uppbyggjandi kveðju
Guðbjörg M. Sveinsdóttir
gudbjorgmsv@gmail.com
formaður Félags um uppbyggingu sjálfaga